

BRYNNIÐ

Fréttablað Félags Áhugamanna um Tréskurð

1. árg.4. árg

Nóvember 1996

Aðalfundur

Aðalfundur félagsins var haldinn sunnudaginn 29. september s.l. á Hótel Loftleiðum. Á þriðja tug félagsmanna mættu á fundinn.

Í skýrslu formanns, Everts Kr. Evertssonar, kom fram að skráðir félagsmenn eru nú hátt á annað hundrað af öllu landinu. Formaður gerði grein fyrir starfi félagsins frá stofnun þess í mars, s.l. Félagið hefur m. a. staðið að kynnisferðum fyrir félagsmenn og haldið eina sýningu á munum félagsmanna. Þá greindi formaður frá samkeppni um merki félagsins og kynnti niðurstöðu dómnefndar.

STjórnarkjör fór fram og var sama stjórn endurkjörin en hana skipa Evert Kr. Evertsson, formaður, Jón Adólf Steinólfsson, varaformaður, Sveinbjörn Kristjánsson, gjaldkeri, Vilhjálmur Siggeirsson, ritari og Stefán H. Erlingsson, meðstjórnandi.

Árgjald fyrir næsta starfsár var ákveðið kr. 2000.

Á fundinum var kynnt hugmynd að skógræktarreiði tréskurðarmanna sem fékk góðar undirtektir. Undirbúningsnefnd mun vinna að því að kanna hentugt landsvæði.

Nokkrar umræður spunnust um starfsemi félagsins og fékk stjórnin gagnlegar ábendingar um áherslur í starfi sínu. M. a. kom fram að sá tími sem valinn hefur verið til kynnisferðar erlendis hentar illa og verður skoðunarferð því frestað til vors.

Dagskrá félagsins:

22.-24. nóvember Haustsýning félagsins
janúar - apríl Kennsla í Iðnskólanum í myndskurði

Haustsýning 1996

Haustsýning félagsins verður haldin í Viðarmiðluninni, húsnæði Skógræktar ríkisins í Suðurhlíðum 38 í Reykjavík. Sýningin hefst föstudaginn 22. nóvember og lýkur sunnudaginn 24. nóvember. Sýningin verður opin frá 13:00 - 18:00 föstudag og laugardag, en frá 14:00 - 18:00 sunnudaginn 24. nóvember.

Á sýningunni gefst félagsmönnum tækifæri til að sýna og selja muni.

Félagsmenn eru hvattir til að taka þátt í sýningunni og koma með muni fimmtudaginn 21. nóvember milli kl. 18:00 og 20:00 í Viðarmiðlunina. Nægilegt er að skrá þátttöku um leið og komið er með muni en æskilegt er að tilkynna þátttöku til einhvers eftirtalinna:

Jón Adólf: 896-6234
Örn: 551-2517
Bjarni Þór: 568-4654
Halldór: 565-6122

Sýningargripir verða síðan sóttir við lok sýningarinnar, sunnudaginn 24. nóvember kl. 18:00.

Kennsla í myndskurði í Iðnskólanum

Í framhaldi af viðræðum nefndar á vegum félagsins við Iðnskólann í Reykjavík liggur nú fyrir áætlun um að hefja kennslu í myndskurði við Iðnskólann í byrjun næsta árs. Kennsla fer fram í fjórum kennslugreinum: efnisfræði (EFB102), fríhendisteikningu (FHT 102), verklegu grunnnámi í trésmíði (VGT 106) og verklegri kennslu í myndskurði (MYS 106). Kennari í verklegri kennslu er Sveinn Ólafsson, tréskurðarmeistari.

Kennslan fer fram á kvöldin og er 6 klst. á viku. Kennslan er hluti af almennri kennslu við Iðnskólann. Námsönnin byrjar í janúar og stendur fram í apríl. Verkleg kennsla takmarkast við 12 nemendur.

Frekari upplýsingar um kennsluna og skráningu nemenda veitir Örn Sigurðsson í síma 551-2517.



EFNAGERÐ LAUGARNESS
Smiðjuvegi 28C · P.O. Box 409
202 Kópavogur
Sími 567 0150 · Fax 567 0185

Fyrirtæki fagmannsins

Úrval af járnum
væntanleg

BRÝNIÐ

Fréttablað Félags Áhugamanna um Tréskurð


BRÝNIÐ - Fréttablað Félags
Áhugamanna um Tréskurð
Pósthólf 409, 202 Kópavogur
Ábyrgðarmaður:
Evert Kr. Evertsson
Ritstjóri:
Halldór Kr. Júlíusson

Afsláttur fyrir félagsmenn FÁT

Að undanförunu hefur stjórn félagsins unnið að því að afla félagsmönnum afsláttar af vörum í verslunum sem versla með við og tréskurðartæki. Stefnt er að því að senda félagsmönnum félagsskírteini fyrir áramót og mun afsláttur fást við framvísun þess. Eru félagsmenn hvattir til að greiða félagsgjöld hið fyrsta.

Námskeið í tréskurði

Jón Adólf Steinólfsson heldur námskeið í tréskurði eftir áramót. Jón Adólf hefur lært tréskurð hjá kennurum hér á landi og sótt námskeið erlendis, m.a. í Austurríki og Englandi. Námskeiðið fer fram í vinnustofu sem Jón Adólf er að innrétta í Kópavogi. Kennsla miðast við byrjendur og lengra komna. Frekari upplýsingar veitir Jón Adólf í síma: 896-6234



Merki félagsins

Á aðalfundi félagsins 29. september s. l. kynnti formaður félagsins, Evert Kr. Evertsson, niðurstöður í samkeppni um merki Félags áhugamanna um tréskurð. Dómnefnd valdi tillögu Halldórs Vilhelmssonar sem sýnir upphafsstafi félagsins útskorna í asklok. Stafirnir eru dregnir með höfðaletri og er lokið að auki skorið fögru hefðbundnu skrautverki. Það var mat dómnefndar að merkið uppfyllt vel þau skilyrði sem samkeppninni voru sett og að útfærsla Halldórs væri í senn fögur, gerð af hugkvæmni og bæri íslensku útskurðarhefð fagurt vitni.

Skoðanakönnun

Á aðalfundi félagsins var gerð skoðanakönnun meðal fundarmanna um starfs félagsins og að hvaða málefnum félagið ætti helst að starfa. Var skoðanakönnunin gerð til að afla upplýsinga um áhuga félagsmanna og óskir í félagsstarfinu.

Í ljós kom að mestur áhugi félagsmanna er fyrir sýningum á munum félagsmanna og fyrir námskeiðum. Þá var einnig nokkur áhugi fyrir því að félagið stæði að útgáfu kynningarefnis og stæði fyrir fræðsluvöldum og kynnisferðum.

Meðal námskeiða var mestur áhugi fyrir námskeiðum í brýningum og teikningu. Nokkur áhugi var einnig fyrir námskeiðum um sérhæfð efni, svo sem útskurði dýra, íslenskum útskurði, gerð lágmynda, o. s. frv.

Almennt kom fram í svörum félagsmanna ánægja með starfið hingað til og þá stefnu sem það hefur tekið. Hafa áherslur stjórnar um margt fallið að því sem fram kom í skoðanakönnuninni, svo sem námskeið og kynningarferðir.

Stjórn félagsins mun hafa niðurstöður könnunarinnar til hliðsjónar við skipulag starfs félagsins. Eins og fram kemur á öðrum stað gefst félagsmönnum nú kostur á víðtæku námi í teikningu og tréskurði í Iðnskólanum og námskeiði í tréskurði.



BRÝNIÐ

Fréttablað Félags Áhugamanna um Tréskurð



Sigurjón Gunnarsson
Asparfelli 12,
111 REYKJAVÍK-11

1. árg. 4. tbl.

BRÝNIÐ - Fréttablað Félags
Áhugamanna um Tréskurð
Pósthólf 409, 202 Kópavogur